



12. stjórnarfundur LH

Haldinn á Hólum í Hjaltadal 1. september 2015 og hófst kl. 17:00

Fundinn sátu: Lárus Ástmar Hannesson, Jóna Dís Bragadóttir, Ólafur Þórisson, Haukur Baldvinsson, Andrea Þorvaldsdóttir og Helga B. Helgadóttir.

Gestir: Áskell Heiðar Ásgeirsson, Jóhanna Gunnarsdóttir og Hilda Karen Garðarsdóttir.

Fundargerð ritaði Hilda Karen Garðarsdóttir.

Fundur hófst á opnum fundi með aðilum frá sveitarfélaginu Skagafirði, Gullhyl, Hólafólki, lögreglustjóra o.fl. er koma að framkvæmdum og skipulagi svæðisins að Hólum.

1. Framkvæmdastjóri Landsmóts ehf. kynnir stöðu mála

Áskell Heiðar Ásgeirsson fór yfir stöðu ýmissa mála. Þar kom fram að í forgangi eru mál sem snúa að framkvæmdum á svæðinu sem nú eru í fullum gangi. Framkvæmdir ganga vel, verið er að þökuleggja brekkur sem hafa verið formaðar við annars vegar kynbótabraut og hins vegar keppnisvöll. Í framhaldinu verður farið í uppbyggingu keppnisvallar og kynbótabrautar. Áskell Heiðar sagði að hann væri í góðu sambandi við lykilmál hjá sveitarfélaginu, vatnsveitunni, rafmagsveitunni og Mílu, um lagnir fyrir vatn, rafmagn og ljósleiðara inn á svæðið. Vegagerðin mun auk þess sjá um að hægt verði að keyra hringinn í Hjaltadalnum, þ.e. hægt verði að hafa einstefnu á veginum að svæðinu, áfram inn dalinn, yfir ána og út dalinn hinu megin. Áskell Heiðar talaði um að einnig væru önnur mál í góðum farvegi, s.s. veitingamál, salernis- og tjaldstæðamál, hestúsamál, bíla- og kerrustæðamál sem og önnur stór mál er varða þjónustu á svæðinu.

2. Gönguferð um svæðið; framkvæmdir skoðaðar

Hópurinn gekk um svæðið og í forystu var framkvæmdastjóri ásamt góðu fólki frá sveitarfélaginu Skagafirði og voru framkvæmdir skýrðar út og skoðaðar sem og önnur aðstaða sem svæðið býður uppá, s.s. tún fyrir beitarhólf, kerru-, bíla- og tjaldsvæði, reiðhallir, hestús og gisting.

3. Stjórn LH hóf lokaðan fund í skólabyggingu

Lárus formaður þakkaði framkvæmdastjóra fyrir að draga upp skýra mynd af stöðu mála hjá Landsmóti ehf. og bað fundarmenn að segja sína skoðun eða upplifun á svæðinu.

JDB – fín upplifun fram að þessu. Mikið eftir en það er verið að deila út verkefnum. Dagskráin skiptir máli, gera hana tilbúna sem fyrst. Treystir fólkinu sem að þessu stendur. Horfir til fyrirhugaðrar ráðstefnu um Landsmótin í október og vonar að í niðurstöðum hennar verði nytsamlegir punktar til að vinna ennfrekar eftir.

HB – sammála JDB með dagskrá, skiptir máli fyrir miðasöluna sem á og er verið að keyra í gang. Líst vel á svæðið, staðsetningar á svæðinu og þá teikningu sem nú er unnið eftir. Passa verður að flæði fólks milli brekkunnar og markaðs- og veitingasvæðis verði auðvelt.

AMP – svæðið geggjað, búið að hugsa fyrir ýmsum mikilvægum atriðum. Hefur áhyggjur af þökunum sem verið er að leggja. Vont að geta ekki byrjað fyrir að þökuleggja. Mótið er með meiri mótbyr núna en meðbyr. Þurfum að laga það. Hafa göngustíg á milli valla, milli mananna. Jákvætt fyrir áhorfendur að það sé stutt í veitinga- og markaðssvæði. Hafa kvöldskemmtanir fyrir tvenns konar aldurshópa, yngri og eldri.



LÁH – dagskráin hljóðar upp á 48 klst gæðingakeppni, skeið og tölt. Kynbótahross, verið að breyta því formi. Þessi vinna er í gangi og vonandi fara að koma niðurstöður úr þeirri vinnu. Var alltaf spenntur fyrir svæðinu, verður enn jákvæðari við hverja heimsókn.

HBH – flest komið fram. Flott svæði, kemur skemmtilega á óvart. Framkvæmdir greinilega útpældar, nýtast landsmótum og skólanum í framtíðinni. Set spurningarmerki við hávaða frá tónleikum á fös/lau fyrir hestana í hesthúsunum. Frábær hugmynd að hafa „Breeders café“ (sbr. svipað frá Herning) í gömlu skólahöllinni.

ÁHÁ – hugmynd að hafa tónleika/dansleik ekki á keppnisvelliinum, heldur á grasinu milli keppnisvallar og kynbótabrautar. Nýta okkur góða punkta frá Herning.

ÓÞ – sammála fyrri ræðumönnum. Manirnar líta vel út. Hefur ekki áhyggjur af þökunum, verður þó að koma í ljós næsta sumar. Sammála að hafa stýringu á göngustíg yfir upphitunarbraut. Athuga hvort þurfi ekki að hafa eitthvað á milli upphitunarvallar og kynbótavallar, til að truflun verði ekki milli valla. Jafnvel færa stálpuð tré til og setja þarna á milli.

Rætt var um akstursleiðir knapa, veitinga- og markaðsaðila. Þurfa að komast inn á svæðið á ákveðnum tímum.

Allir sammála um að gera vel við börn og unglunga, fjölskyldufólk. Hafa leiksvæði, spennandi afþreyingu, ferðir, reiðskóla og fleira.

Allir sammála um að hafa skjái með útsendingu frá mótinu í höllunum á svæðinu og að upplýsingaflæði verði að vera framúrskarandi.

Ekki var fleira fært til bókar og fundi slitið um 19:30.